



**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ**  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 7. júlí 2014

**Sáttargerð vegna brots Sæness ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki**

Fjármálaeftirlitið og Sænes ehf. hafa gert með sér sátt vegna brots félagsins á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)

Með sáttinni gekkst Sænes ehf. við því að hafa brotið gegn 40. gr. fftl. með því að hafa ekki tilkynnt um virkan eignarhlut félagsins í Sparisjóði Höfðhverfinga. Samkvæmt 40. gr. fftl. skal aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um áform sín fyrirfram. Virkur eignarhlutur telst vera bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórn viðkomandi félags, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. a fftl.

Með vísan til framangreinds, 111. gr. fftl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð kr. 1.500.000,-.